

Þróunarverkefni við Lindaskóla

veturinn 2015-2016

Aukið útinám við Lindaskóla

samstarfsverkefni Lindaskóla, Menntavísindasviðs HÍ
og Útilífsmiðstöðvar skáta við Úlfliótsvatn.



Skýrslan er unnin af Önnu Halldórsdóttur, verkefnisstjóra við Lindaskóla í samvinnu við starfshóp skólans, Jakob F. Þorsteinsson aðjúnkt við HÍ og Guðmund Finnbogason hjá Útilífsmiðstöð Skáta á Úlfliótsvatni.

1. Upphaf og markmið verkefnisins

Árið 2010 fór Kópavogsbær af stað með það verkefni að koma upp útinámssvæðum við alla grunnskóla Kópavogs. Við Lindaskóla var skipaður lítill stýrihópur sem skyldi sjá um að ákveða staðsetningu svæðisins og halda utan um verkefni sem tengdust því að koma því á laggirnar. Útinámssvæðinu var fundinn staður og kosið var um nafn á svæðið af nemendum Lindaskóla og leikskóla hverfisins. Nemendur skólanna hjálpuðust að við að koma upp bekkjum og gróðursettu yfir 250 plöntur á svæðinu á næstu tveimur skólaárum. Í framhaldi af þessari vinnu var ákveðið að setja aukna áherslu á að efla útinám við Lindaskóla. Útinám hafði ekki verið ríkur þáttur í skólastarfinu fram að því og með aukinni umræðu og tilkomu útisvæðisins jókst áhuginn á að gera þennan þátt skólastarfsins markvissari.

Vorið 2015 gafst okkur tækifæri til að fara í samstarf við Menntavísindasvið Háskólans og Útilífsmiðstöð skáta á Úlfjótuvatni. Hugmyndin var að Lindaskóli fengi hvatningu og ráðgjöf frá þessum tveimur aðilum og að nemendur í tómsundafræði við Menntavísindasvið fengju tækifæri til að vinna að verkefnum úti í skólasamfélaginu. Stýrihópnum um útinám þótti þarna komið kjörið tækifæri til að hvetja kennara skólans áfram og hlaut verkefnið styrk frá Sprotasjóði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Markmið verkefnisins í heild:

- Búa til verkferla fyrir útikennslu í Lindaskóla. Verkferlar eru ætlaðir til að auðvelda kennurum að nýta útikennslu sem öfluga kennsluaðferð og þannig bæta árangur nemenda.
- Gefa nemendum HÍ tækifæri til að þróa kennsluaðferðir sínar í gegnum raunveruleg verkefni.
- Rannsaka upplifun nemenda og kennara af útikennslu og útinámi.
- Efla færni og þekkingu starfsfólks Útilífsmiðstöðvar skáta Úlfjótuvatni.

Markmið Lindaskóla:

- móta verkferla í tengslum við stefnu skólans í útikennslu/útinámi.
- þjálfa kennara í útikennslu og greina þau verkefni sem að skólinn/kennarar telja sérstaklega heppilega til útikennslu/náms.
- efla útikennslu við skólann.

Markmið Menntavísindasviðs:

- gefa nemendum tækifæri á að læra af sérfræðingum frá Úlfjótuvatni.
- gefa nemendum tækifæri á að reyna sig við raunveruleg verkefni unnin með nemendum og starfandi kennurum í metnaðarfullu kennsluumhverfi.
- vinna frumrannsóknir á útikennslu og útinámi.

Markmið Útílfsmiðstöðvarinnar:

- efla útikennslu/útinám
- efla tengsl við menntasamfélagið
- þróa útikennsluaðferðir í samstarfi við grunnskóla og háskóla.
- taka þátt í rannsóknum sem tengjast starfi miðstöðvarinnar.

Þeir sem hafa haldið utan um verkefnið eru Jakob Frímann Þorsteinsson aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Guðmundur Finnbogason framkvæmdastjóri Útílfsmiðstöðvar skáta við Úlflyótuvatn og Anna Halldórsdóttir kennari við Lindaskóla. Eftirfarandi samantekt tekur mið að því ferli sem fram fór í Lindaskóla og hvernig til tókst að uppfylla þau markmið sem voru sett með þátttöku í verkefninu.

2. Framkvæmd verkefnisins

Verkefninu var ýtt úr vör á starfsdögum í júní 2015. Á fundi með öllu starfsfólki skólans var verkefnið kynnt í heild og grunnur lagður að sameiginlegum skilningi á útinámi. Þá var lögð fyrir könnun um viðhorf kennara til útináms og hver virkni þeirra væri í kennslu utan veggja skólastofunnar.

Í upphafi skólaársins 2015-2016 tók til starfa í Lindaskóla starfshópur sem samanstóð af 12 kennurum auk forstöðumanns dægradvalar og aðstoðarskóllastjóra. Verkefninu var skipt niður í tvo meginhluta. Fyrri hluta skólaársins var aðal áhersla á heimsóknir nemenda frá Menntavísindasviði. Eftir áramót var áherslan svo sett á að fræða og hvetja kennara skólans, bæta aðbúnað í skólanum og á hugmyndavinnu starfshópsins um hvernig auka mætti útinám við skólann.

2.1 Heimsóknir nemenda frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Nemendum í námskeiðinu Útinám, náttúra og reynsla, sem er liður í námi í tómsunda- og félagsmálafræði, gafst tækifæri til að koma í heimsókn í Lindaskóla. Eitt af markmiðum námskeiðsins var að efla hæfni þeirra og þekkingu í að skipuleggja og framkvæma útivist fyrir fólk, sérstaklega börn og unglinga og gátu nemendur valið að skipuleggja vinnu fyrir nemendur Lindaskóla. Fimm hópar völdu að koma í heimsókn; tveir hópar heimsóttu börn í dægradvöl Lindaskóla, einn hópur fór í 2.bekk, einn í 3.bekk og einn í 5.bekk. Samtals voru það 12

nemendur við HÍ sem unnu með útinám og skyld efni með nemendum og kennurum Lindaskóla og starfsfólki dægradvalar.

Allur hópurinn, nemar og kennarar, hittust í byrjun september til að hrista hópinn saman. Farið var í leiki og rætt um hvað hver og einn vildi fá út úr verkefninu. Í framhaldi af þeim fundi hófst undirbúningur og framkvæmd þeirra verkefna sem þar urðu til. Hver hópur heimsótti móttökukennara sína í upphafi vinnunnar, lagði fram hugmyndir og vann þær svo áfram í samvinnu við kennara. Í þessu ferli fóru fram miklar og góðar samræður þar sem kennarar fengu margar góðar hugmyndir frá nemunum og þeir á móti tilsögn um atriði sem lutu að fyrirkomulagi og kennsluháttum. Að loknum undirbúningi komu hóparnir í heimsókn í tvö til þrjú skipti í 2-4 kennslustundir í senn.



Allt þetta ferli tókst í megin atriðum mjög vel og var mikil ánægja bæði hjá kennurum og nemendum. Kennarar taka alltaf fegins hendi á móti nýjum og ferskum hugmyndum og þótti gaman að fylgjast með nemunum útfæra hugmyndir sínar. Eftir að heimsóknum lauk var haldinn úrvinnslufundur þar sem nemar og kennarar fóru í sameiningu yfir það hvernig til tókst og ræddu það sem betur mátti fara.



2.2 Vinna starfshóps með starfsfólki Lindaskóla

Ákveðið var að hefja starfsárið 2015-2016 á hópefli alls starfsfólks skólans þar sem áhersla var á samvinnu í gegnum leik og útiildun. Dagskránni var stjórnað af þeim Jakobi og Guðmundi. Farið var í gegnum ýmsa leiki við mikla gleði þátttakenda og að þeim loknum var hópnum skipt á stöðvar þar sem steiktar voru lummur, kökur bakaðar og dýrindis safi hitaður yfir eldi.

Fljótlega eftir að skólastarf hófst var starfshópurinn kallaður saman og fastir fundartímar settir. Eins og áður sagði fór fyrri hluti verkefnisins í að koma á tengslum milli nemenda háskólans og móttökukennaranna í Lindaskóla og framkvæmd á þeim hluta.



Í október komu tveir mastersnemar á vegum Menntavísindasviðs til okkar og sögðu frá úrvinnslu og niðurstöðum áðurnefndrar könnunar á viðhorfum starfsfólks. Þar kom fram að þáttur útikennslu í skólastarfinu væri ekki mikill og það sem kennarar nefndu meðal annars sem hindrun var að undirbúningur yxi þeim í augum, það væri oft tímafrekt að sanka að sér því sem til þyrfti og að það vantaði hugmyndabanka að leita í. Einnig kom fram að kennurum fannst vanta upp á fræðslu um útinám barna.

Næstu fundir starfshóps fóru í að vinna útfrá þessum upplýsingum. Ákveðið var að verkefni framundan yrðu fjögur. Í fyrsta lagi var ákveðið að skipuleggja smiðjudaga þar sem áherslan yrði á fræðslu og hugmyndir að verkefnum. Í öðru lagi var ákveðið að taka saman hugmyndir að bættri skólalóð og skapa tækifæri til fjölbreyttari afþreyingar á henni. Í þriðja lagi skyldi finna stað í skólanum þar sem hægt væri að safna saman á einn stað ýmsu sem nýtist til útikennslu. Í fjórða lagi var það svo markmið hópsins að setja saman hugmyndir um hvernig fjölga mætti tækifærum nemenda skólans til útináms.

2.2.1 Smiðjudagar

Dagana 12., 13. og 19. apríl skipulagði starfshópurinn smiðjudaga fyrir starfsfólk skólans. Alls voru smiðjurnar fjórar:

- Ásthildur Jónsdóttir, kennari við Listaháskóla Íslands og höfundur bókarinnar *Verum græn! Ferðalag í átt að sjálfbærni* kom í heimsókn. Hún fjallaði um skapandi leiðir í menntun til sjálfbærni, tengdi við markmið Aðalnámskrár og gaf okkur ótal kennsluhugmyndir.
- Hrafnhildur Sigurðardóttir, kennari við Sjálandsskóla í Garðabæ kom í heimsókn. Í Sjálandsskóla er útikennsla fastur liður í stundatöflu og var athyglisvert að heyra hana

segja frá fyrirkomulaginu þar. Hrafnhildur dældi í áheyrendur hugmyndum að sniðugum og einföldum útiverkefnum.

- Guðmundur Finnbogason kom og eldaði dásamlegar kræsingar handa hópi fólks á útinámssvæðinu okkar í Lindaskógi. Hann kynnti fyrir okkur ýmsar græjur sem nýtast til útieldunar og gaf hugmyndir af einföldum uppskriftum.



- Nanna Hlín Skúladóttir og María Guðnadóttir kennarar við Lindaskóla kynntu sitt starf. Nanna Hlín kennir í 1.bekk og María er íþróttakennari og eru þær mjög duglegar við útikennslu og leiðandi í því starfi við skólann. Þær sögðu frá því sem þær hafa brallað í vetur, fóru með þátttakendur í þrautir úti og enduðu á íhugun.

Smíðjudagarnir tókust frábærlega og voru allir mjög sáttir og ánægðir með árangurinn. Fólk fékk mikla hvatningu og var uppveðrað eftir að hafa hlustað á þessa snillinga.

2.2.2 Skólalóðin

Starfshópurinn safnaði saman hugmyndum hjá starfsfólki, nemendum, nemendaráði og skólaráði skólans um hvernig fólk sæi fyrir sér betri skólalóð. Hugmyndirnar sendi hópurinn áfram í verkefnið „Skemmtilegri skólalóðir“ sem Kópavogsbær stendur að þetta skólaárið og vonandi sjáum við eitthvað að hugmyndunum komast í framkvæmd.

Í samantektinni kom fram að mörgum fannst vanta meiri afþreyingu á skólalóðina t.d. væru þar engir parísar eða pókóvellir svo eitthvað sé nefnt. Þessu var kippt í liðinn á þemadögum skólans þar sem hópur unglinga valdi sér að mála á skólalóðina. Afraksturinn var parísar- og pókóvellir, brennóvöllur, kýlóvöllur og mylla og til stendur að bæta fleiru slíku við síðar.



2.2.3 Útihornið

Starfshópurinn ákvað að nauðsynlegt væri að koma upp aðstöðu þar sem hægt væri að sækja á einn stað ýmislegt sem nýtist kennurum þegar farið er í útikennslu. Það auðveldar kennurum að geta sótt á einn vísan stað kennslugögn í stað þess að þurfa að leita um skólann að gögnum og áhöldum. Útihorninu var fundinn staður í geymslu á neðri hæð þaðan sem hægt er að ganga beint út á skólalóðina. Í vetur höfum við smám saman verið að kaupa og bæta í það sem hópnum finnst að eigi að vera til staðar og heldur sú vinna áfram næsta skólaár. Einnig er ætlunin að safna saman verkefnum, ratleikjum og öðru slíku í litaðar teygjumöppur eftir skólastigum og verður slíku kerfi komið upp á næsta skólaári.

Á þemadögum vann hópur unglunga að því að smíða vagn sem þeir hugsuðu undir dót sem þyrfti að koma upp í Lindaskóg, útinámssvæðið okkar. Einnig var hópur unglunga sem fléttaði hátt í þrjátíu mottur til að sitja á uppi í skógi. Þannig bætist hægt og rólega í búnaðinn sem hægt er að nýta í þágu útinámsins.



2.2.4 Hugmyndir um framhaldið

Áður en hugað yrði að því hvernig við vildum sjá framhaldið ákváðum við að taka saman yfirlit yfir það hvað væri gert á hverju ári sem tengdist útikennslu og hvað væri nú þegar í föstum skorðum. Kennarar hvers árgangs settu inn í töflu þá þætti í kennslunni sem hafa verið fastir liðir í skólastarfinu á hverju ári undanfarin ár (sjá töflu á næstu síðu).

Árgangur	ágúst/september	október - apríl	maí/júní
1.bekkur	Skólalóðin kynnt fyrir nýjum nemendum Lindaskóla.		Gönguferð, ýmist í Kópavogsdal eða Öldusels-skóla-dal!
2.bekkur	Eining 3: Umferðarkönnun, talning og súlurit.	Unnið með árstíðirnar.	Vordagar: Gönguferð í Kópavogsdalinn. Sveitaferð í Kjós.
3.bekkur	Nemendur gera skuggamyndir. Eining 5: Týna laufblöð, flatarmál/speglun	Eining 6: Veðurathuganir/veðurfræðingar Samfélagsfræði: tungl og stjörnuskoðun	Farið í Húsdýragarðinn. Vordagar: Gönguferð að Vífilstaðavatni með háfa
4.bekkur		Snjór og næring, samst. Í myndmennt og heimilisfræði. Hreystiprautir á hreystibraut.	Vorferð: Fræðasetrið í Sandgerði og farið í fjöruna þar.
5.bekkur	Stærðfræði-Geisli1A: mælingar	Farið á Þjóðminjasafnið	Gróðursetning í Yrkjuskógi Lindaskóla við Guðmundarlund (Skógræktarfélag Kópavogs). Nemendur ganga heim að henni lokinni. Vordagar: Hjólaferð á Rútstún. Leikir.
6.bekkur	Stærðfræði-Geisli2A: flatarmál	Gerðarsafn, samstarf í myndmennt og heimilisfræði	Vordagar: Reykholt, Hvalasafn + miðbæjarrölt og hjólreiðarferð í Hraunsvík.
7.bekkur	Náttúrufræði-pöddutínsla	Farið á Reyki	Stærðfræði: Fótboltamót Náttúran og næring, samstarf í myndmennt og heimilisfræði. Vorferð: Hvalasafn, ganga/strætó og gott í kroppinn. Vordagar: Hjólaferð í Nauthólsvík
8.bekkur	<u>Haustferð</u> : Gengið á Esju, sund í Borgarnesi, gist eina nótt. <u>Náttúrufræði</u> : Unnið með rotnun, Lindaskógur.	Desember: menningarferð í 101; Hallgrímskirkja, kaffihús og Þjóðleikhúsið. <u>Íslenska</u> : Hlýtt á þjóðsögur í mesta skammdeginu, eldur tendraður og piparkökum skolað niður með jólalegum epladrykk.	Vorferð: Veiðisafnið á Stokkseyri og farið í sund.
9.bekkur	<u>Íslenska</u> : Ljóðakennsla	Stærðfræði: mælingar (hlutföll) Ferð á Laugar í Sælingsdal.	Vorferð: Frisbiegolf í Fossvogsdal
10.bekkur	Haustferð: Landmannalaugar, ganga, gist eina nótt	Desember: skólaþing og kaffihúsaferð í miðbæ Reykjavíkur. Í ár (2015) var farið í leikhús en sl. ár voru jólavættir skoðaðar.	Vorferð/útskriftarferð: Mismunandi eftir árum en alltaf farið í allskyns útiveru. Gist í 1-2 nætur.
Dægradvöl	Haustferð: Guðmundarlundur með öllum dægradvölum Kópavogs. Grillað og leikir.		Grill og leikjadagur hjá Demantabæ í maí. Leikjadagar m/nærliggjandi dægradvölum. (Er í skoðun).

Eftir að hafa farið yfir töfluna og rætt okkar á milli var tekin ákvörðun um að bæta við degi að hausti þar sem allir árgangar færu í dagskrá útivið og verður *Dagur Íslenskrar náttúru*, 16. september, tekinn undir slíka dagskrá. Farið verður í þá vinnu næsta haust að móta dagskrána og stefnt er á að smám saman komist það í fastar skorður hvað hver árgangur gerir á þessum degi. Einnig var ákveðið að stefna á að gera *Dag umhverfisins*, 25. apríl, að útidegi og þá kannski undir merkjum *Grænfánaverkefnisins* sem skólinn tekur þátt í.

Í vetur hefur útinám, í fyrsta skipti í sögu skólans, verið fastur liður í námi fyrstu bekkinga. Hefur útinámið verið liður í hringekjuformi ásamt list- og verkgreinum þessa árgangs. Þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og voru allir þeir sem sátu í starfshópnum í vetur sammála um að þessu fyrirkomulagi þyrfti að halda við og taka upp í fleiri árgöngum. Eftir umræður og vangaveltur var ákveðið að festa skyldi útinám á stundatöflu í 1. – 4. bekk á næsta skólaári í tvær stundir á viku.

3. Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið

Vinna við þróunarverkefni er óumdeilanlega holl og góð fyrir skólastarf. Í vetur hefur orðið mikil vakning meðal þeirra kennara sem sátu í starfshópnum. Við höfum setið fjölmarga fundi þar sem miklar og góðar umræður hafa farið fram um kosti útináms, leiðir og úrvinnslu. Jákvæðni hefur aukist og fólk hefur prófað sig áfram. Við reyndum að smita þessari jákvæðni út í kennarahópinn allan sem tók þátt í hópeflisdögum og þemadögum og einnig með fræðslu fyrir starfsfólk á smiðjudögum. Undir lokin, þegar hugað var að framhaldinu, var aukinn áhugi allra fyrir því að útinám skyldi fá meira vægi í skólastarfinu. Við höfum hafist handa við að safna gögnum og kennsluhugmyndum saman á innra net skólans og munum halda áfram að koma upp betri aðstöðu fyrir kennara í *Útihorninu* góða.

4. Frávik miðað við áætlun verkefnis

Í verkefnislýsingu var tekið fram að áhersla skyldi lögð á þátttöku dægradvalar skólans í verkefninu og að reynt yrði að koma útinámi í fastari skorður í starfinu þar. Starfsfólk dægradvalar var mjög jákvætt og reiðubúið að taka þátt í verkefninu. Tveir nemendahópar frá Menntavísindasviði komu þangað fyrir áramótin og tókst sú samvinna vel. Þegar leið á

veturinn urðu hins vegar mannbreytingar í dægradvöl og má kannski segja að helstu frávik frá áætlun verkefnisins snúi að þátttöku dægradvalarinnar í því. Það stóð til að Jakob Frímann og Guðmundur kæmu inn með meiri fræðslu fyrir starfsfólkið í dægradvöl en úr því varð minna en til stóð.

5. Niðurstöður verkefnis og framhaldið

Hér hefur verið farið yfir ferlið sem fram fór í skólanum við framkvæmd verkefnisins. Að mati starfshópsins náðust þau markmið, sem sett voru í upphafi og sneru að skólanum, að mestu leyti. Aukið útinám var við skólann í vetur en fram til þessa og starfsfólk orðið opnara og jákvæðara en áður fyrir því að fara nýjar leiðir. Stefna skólans í þessum efnum mun fléttast inn í skólanámskrá næsta skólaár og eins og áður sagði verður útinám barna á yngsta stigi tryggt með föstum tímum í stundatöflu. Foreldrum var gefin yfirsýn yfir verkefnið á skólaslitum skólans og munu kennarar á yngsta stigi kynna nýtt fyrirkomulag sérstaklega á haustfundum næsta haust.

Stefnt er á áframhaldandi samstarf milli Lindaskóla og Menntavísindasviðs og nemar í tólmstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands munu koma til móttökukennara í Lindaskóla og í dægradvölinu, náist samkomulag þar um. Einnig er stefnt á frekari viðræður milli Lindaskóla og Háskólans um fleiri athuganir á viðhorfum kennara innan skólans til að fylgja eftir því mati sem gert var í upphafi verkefnisins. Jakob frá HÍ og Ragnar, forstöðumaður dægradvalar hafa átt fund þar sem rýnt var í útinámsspátt starfsins, möguleika á þróun þessa þáttar og um áframhald á samstarfi. Við í Lindaskóla horfum því spennt til næsta skólaárs þar sem áfram verður unnið að auknu útinámi nemenda.

Kópavogi 11. ágúst 2016

f.h. samstarfsaðila,

Anna Halldórsdóttir, verkefnisstjóri